

Fundargerð 127. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 24. janúar 2018, kl. 09.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Erindi sveitarfélagsins Garðs vegna lóðar við Rósaselstorg.*

Stjórnarformaður fór yfir framkomið erindi sveitarfélagsins Garðs vegna lóðar við Rósaselstorg. Umræður. Stjórn ákvað að óska eftir deiliskipulagi svæðisins áður en lengra væri haldið.

3. *Auglýsing lóða. Drög að auglýsingu lögð fram.*

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að auglýsingu fyrir lóðir á Tæknivöllum. Umræður. Stjórn samþykkti auglýsinguna og ákvað að óskað yrði tilboða í þær lóðir sem auglýstar yrðu.

4. *Mengunarmál – efnagreining á grunnvatni.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tillögur að mælingu á efnainnihaldi grunnvatns á svæðinu. Lagði framkvæmdastjóri til að fá Verkís á næsta stjórnarfund til frekari kynningar. Var það samþykkt.

5. *Kauptilboð í Suðurbraut 890 og Valhallarbraut 891. Framhald.*

Ofangreind kauptilboð voru tekin fyrir að nýju. Stjórn var sammála um að hafna báðum tilboðum og auglýsa eignirnar.

6. *Fyrirspurn frá fjárlaganefnd.*

Stjórn ræddi fyrirspurn frá fjárlaganefnd.

7. *Önnur mál.*

Heimavellir. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu Heimavalla og uppgjör þeirra við ÞK. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Samruni staðfestur.

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu samruna dótturfélaga við ÞK.

Keilir.

Framhald á umræðum um málefni Keilis til upplýsinga.

Ekkert fleira var rætt undir liðnum önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn í febrúar 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

*Guðrún
Steinunn Óspaldad.
Göngu Þýngja*